



Erindið var tekið fyrir á 50. fundi sveitarstjórnar þann 16. október 2025, þar sem eftirfarandi bókun var gerð. Meðfylgjandi gögn frá fundinum eru undir liðum 8.1–8.7.

11. Tilkynning um styrk frá Loftslags- og orkusjóði. Styrkurinn er skilyrtur mótframlagi.

Loftslags- og orkusjóður hefur veitt sveitarfélaginu vilyrði fyrir styrk að upphæð 30 milljónir króna. Styrkurinn er skilyrtur því að sveitarfélagið leggi fram mótframlag af heildarkostnaði sem áætlaður er 45 milljónir króna. Mótframlagið yrði því 15 milljónir króna eða 1/3 af heildarkostnaði. Fyrir fundinum liggja ýmis gögn sem styðja umsóknina s.s. verkefnalýsing, áhersluatriði, lýsing á þekkingu á jarðhita svæðisins, tímaáætlun, kostnaðaráætlun, lýsing á hagkvæmni verkefnisins, og drög að samningi um orkuskipti en gögnin eru merkt 11.1 – 11.7.

Bókun um afgreiðslu: Sveitastjórn felur sveitastjóra að undirrita samninginn og semja í framhaldinu við ráðgjafa um framkvæmd verkefnisins. Gert er ráð fyrir að kostnaður falli til á árinu 2026 ef af verður. Til máls tók Sigríður Friðný Halldórsdóttir.

Samþykkt samhljóða.